

Fimmtudaginn 28. janúar 1993.

Nr. 188/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Einari Árnasyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Tilraun til manndráps. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. mars 1992 að ósk ákærða, en jafnframt af ákærvaldsins hálfu til þyngingar refsingu.

Eins og lýst er í héraðsdómi, fór ákærði heim til sín gagnert til að sækja hníf í þeim tilgangi að beita honum á þá pilta, sem höfðu verið að áreita hann. Ákærði stakk síðan einn piltanna þremur djúpum stungum. Þótt ekki verði litið svo á, að fyrir ákærða hafi vakað að svipta einhvern piltanna lífi, þá hlaut honum að vera ljóst, að hnífstungurnar gætu leitt til dauða. Ber því að staðfesta heimfærslu héraðsdómara á brotinu undir 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að staðfesta refsíákvörðun héraðsdóms svo og ákvörðun hans um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttardómara.

Gegn neitun ákærða er ósannað, að hann hafi haft í hyggju að svipta Helga Karl Gunnarsson lífi. Varhugavert er að ætla, að ákærði hafi hlotið að sjá fyrir, að stungusár þau, er hann veitti Helga Karli, gætu leitt til bana, enda taldi Björn Ívar Karlsson yfir-læknir „mjög ólíklegt ... að þau ... hefðu leitt til dauða, ef ekkert hefði verið að gert“. Hefur ákærði því gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Var um þetta fjallað við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Með skírskotun til þessa og með hliðsjón af 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga tel ég, að staðfesta eigi niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara um áfrýjunar-kostnað málsins.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 14. febrúar 1992.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að undangengnum munnlegum mál-flutningi 24. f. m., er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæruskjali ríkis-saksóknara, dagsettu 22. nóvember 1991, á hendur Einari Árnasyni, verbúð Ísfélags Vestmannaeyja, Strandvegi 28, Vestmannaeyjum. Í ákærunni eru ákæruatriði og dómkröfur tilgreind með eftirgreindum hætti:

„.....fyrir tilraun til manndráps með því að hafa aðfaranótt laugardags 20. apríl 1991 veist að Helga Karli Gunnarssyni, kt. 210474-382, við mót Strandvegur og Bárustígs í Vestmannaeyjum og stungið hann þremur djúp-um hnífstungum í vinstra gagnauga, vinstra læri við mjöðm og í brjósthól undir hæggra viðbeini, og gekk sú stunga í hæggra lunga, sem féll saman.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940“.

Þess er krafist, að ákærði verið dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

II.

Málsatvik.

Ákærði hefur við meðferð málsins afdráttarlaust viðurkennt brot sitt. Hann kvaðst viðurkenna að hafa aðfaranótt sunnudagsins 20. apríl sl. stungið piltinn Helga Karl þremur hnífstungum. Ákærði, sem var mjög

ólvaður, er atburðurinn gerðist, mundi lítið eftir því, hver aðdragandi að verknaðinum var. Hann kvaðst þó telja, að háttseminni væri rétt lýst í ákæru, og mundi eftir, að hann hefði sætt áreitni Helga Karls og tveggja féлага hans. Ekki mundi hann, hvort þeir hefðu látið einungis orð nægja í því sambandi eða líkamleg áreitni með hringingum og öðru slíku einnig komið til. Taldi hann þó líklegt, að svo hefði verið í þetta sinn, enda hefði hann orðið fyrir slíku frá þessum piltum fyrir tilgreindan atburð. Ekki kvaðst ákærði vera sáttur við að vera sakaður um tilraun til manndráps, því að aldrei hefði verið tilætlun sín að særa einhvern þessara þriggja pilta til ólífis og aðgerðir sínar miðað að því að fá piltana til að láta af áreitninni. Ákærði, sem staðfesti, að hann hefði notað þann hnif, sem lögreglan lagði síðar hald á, kvaðst ekki hafa sótt hnifinn upp í verbúðarherbergi sitt, fyrr en tilraunir sínar til að fá aðstoð lögreglu hefðu brugðist. Ákærði gerði ekki athugasemdir við fram lögð sakargögn og staðfesti, að skýrslur, sem teknar höfðu verið af sér við lögreglurannsókn málsins, væru réttar. Að öðru leyti eru málsatvik eins og hér greinir.

Lögreglan í Vestmannaeyjum fékk tilkynningu um atburðinn rétt um eittleytið aðfaranótt laugardagsins 20. apríl sl. Skammt frá vettvangi hittu lögreglumennirnir tæplega 17 ára unglings, vitnið Helga Karl Gunnarsson, sem kvað ákærða hafa stungið sig oftast en einu sinni. Þegar í stað var farið með Helga Karl á sjúkrahúsið, en ákærði var farinn af vettvangi, en handsamaður nokkru síðar. Samkvæmt vottorði frá þeim lækni, er tók á móti Helga Karli, var hann við komu á sjúkrahúsið kl. 1.30 alblóðugur í framan, blóð var á bringu og skyrta hans öll blóðug, auk þess sem blæddi úr sári á vinstra gagnauga, en yfir það sár var búið að setja umbúðir af starfsmönnum veitingahúss skammt frá vettvangi.

Samkvæmt rannsóknargögnum eru tildrög málsins að öðru leyti þau, að síðari hluta dags föstudaginn 19. apríl 1991 hóf ákærði að drekka áfengi á herbergi sínu. Gögn málsins virðast benda til þess, að ákærði hafi ein-samall á skömmum tíma drukkið töluvert magn af áfengi, og síðar um kvöldið hélt hann áfram drykkju á ölstofu, sem er í næsta nágrenni við verbúðina, sem hann bjó í. Ákærði hefur sjálfur sagst hafa verið á rölti og þá gjarnan komið við á herbergi sínu til að bæta á sig áfengi. Ákærða sem og vitnum ber saman um, að hann hafi verið mikið ólvaður, er hann, eftir að hafa yfirgefið ölstofuna, átti leið um göngugötuna Bárustíg, en þar var einmitt þetta kvöld mikil umferð, og voru unglings einkum þar á ferð.

Upplýst er, að ákærði leitaði ásjár á skrifstofu Alþýðuflokksins, Bárustíg 1, sem er austanvert á gatnamótum Bárustígs og Strandvegar, og telur vitnið Magnús Kristleifsson, að það hafi verið um tíuleytið um kvöldið. Ákærði bað tvisvar um að fá að hringja í lögreglu, þar sem hann hefði

ekki frið fyrir krakkahópi, sem veittist að sér og hefði upp meiðandi ummæli í sinn garð. Ekki var ákærði tekinn alvarlega og komið með góðu út úr húsinu. Piltar frá Hafnarfirði, sem hittu ákærða við suðurenda göngugötunnar, sennilega laust fyrir klukkan ellefu, sögðu Helga Karl hafa að fyrra bragði hreytt ókvæðisorðum í ákærða, sögðu hann hafa sagt við ákærða: „Hundskastu í burt, hommadjöfull. Helvítis fiflið þitt, hundskastu burt.“ Skömmu síðar kom ákærði á skrifstofu Alþýðubandalagsins, Bárustíg 11, og dvaldist þar um hálfu klukkustund. Virtist ákærði þá rólegur, en skrafhreifinn.

Skömmu eftir þetta, laust fyrir miðnætti, urðu vitnin Guðmundur Jensson og Magnús Kristleifson vör við, að hópur af krökkum gerði aðsúg að ákærða, og hafði Helgi Karl sig þó mest í frammi. Orðin „hommatittur“, „hommadjöfull“, „drullupumpa“, „láttu ríða þér í rassgatið“ voru látin dynja á ákærða. Ekki er upplýst, hvenær ákærði vopnaðist hnífi, en hann telur, að um þetta leyti hafi hann farið upp á herbergi til sín og náð þar í hnífinn, en verið áður búinn að fara á skrifstofu Alþýðubandalagsins, Bárustíg 11, og nú í þeim erindagerðum að fá að hringja til lögreglu og kæra unglingana, og hafði vitnið Guðmundur Jensson heyrt, að ákærði hafði svarað Helga Karli, að hann ætlaði að kæra hann vegna hinna meiðandi ummæla. Ekki er upplýst í málinu, hvort ákærði hefur nokkru sinni náð að hringja í lögreglu, því að hvort tveggja er, að engin vitni voru að hringingunni og dagbók lögreglu greinir ekki frá því. Að sögn vitnisins Þórðar Ólafs Rúnarssonar mun það hafa verið laust eftir klukkan hálféitt um nóttina, að vitnin Þórður Ólafur, Kristmann Einarsson og Helgi Karl hittu ákærða við veitingastaðinn Bjössabar, sem er við göngugötuna.

Vitnunum Þórði og Kristmanni ber saman um, að Helgi Karl hafi ekki verið í sem bestu skapi og látið reiði sína óspart bitna á ákærða. Vitnin Þórður og Kristmann segja ákærða hafa reynt að forðast þá og farið því yfir götuna, en Helgi Karl hlaupið á eftir honum og slegið í hann og sparkað. Hjá Þórði og Kristmanni kemur einnig fram, að Þórður og Helgi Karl hafi nú orðið samferða norður eftir Bárustíg, en Kristmanni eitthvað dvalist. Kristmann hefur verið heldur fámáll um viðskipti sín við ákærða, en hefur þó upplýst, að hann og ákærði hafi verið staddir við Blómaverslun Ingibjargar Johnsen á gatnamótum Bárustígs og Strandvegjar. Kveðst Kristmann ekki hafa beðið um annað en eld hjá ákærða, en ákærði þá sýnt greinileg hræðsluviðbrögð, hörfað eitt til tvö skref aftur á bak og borið fyrir sig vinstri hönd, eins og hann vildi banda frá sér, en síðan skyndilega sveiflað hægri hendi og lagt til sín með hnífi, en hann náð að víkja sér undan. Kristmann stökk nú út á götuna, en kallaði um leið til félaga sinna, sem komnir voru fyrir hornið á móts við vesturenda Drífandahússins, að ákærði væri með hníf. Þótt nokkuð sé óljóst, hvað næst gerist, má af framburði

Þórðar ráða, að ákærði og Helgi Karl hafi nálgast hvor annan og ákærði lagt með hnífnum til Helga Karls. Þykir mega leggja framburð Helga Karls til grundvallar um næstu atburðarás, þar sem segir: „Ég man síðan, að annar hvor Þórður eða Kristmann kallaði, að Einar væri með hníf, og þá sneri ég mér við með vinstri hönd á lofti, en í því fann ég, hvar hnífurinn stakkt í vinstra gagnauga mitt. Þá sneri ég mér að Einari, og skipti þá engum togum, að hann stakkt mig í hægra brjósthól með þeim afleiðingum, að lungað skaddaðist, og síðan stakkt hann mig í vinstra læri að aftan-verðu.“

Eftir þetta fór ákærði af vettvangi og upp á herbergi til sín, en það var í Ísfélagshúsinu við norðausturenda gatnamóta Strandvegjar og Bárustígs, og var hann þar handtekinn skömmu síðar. Vitnið Kristján Ingi, sem kom á vettvang, rétt eftir að ákærði hafði stungið Helga Karl, sagði, að hann hefði verið blóðugur og haltrað og haldið um lærið. Upplýst er í málinu, að Helgi Karl hafði gengið nokkur hundruð metra frá vettvangi, er lögreglu bar að.

Ákærði hefur borið, að hann hafi ekki ætlað að særa Helga Karl og féлага hans til ólífis, en hins vegar veita þeim slíka ráðningu, að þeir létu af áreitni. Ekki mundi ákærði eftir að hafa gert tilraun til að stinga Kristmann, áður en til þess atviks kom, er hér er til umfjöllunar, en gerði engar athugasemdir við það, sem vitni báru um það. Hann kvaðst hafa ætlað að beita hnífnum á Helga Karl og féлага hans tvo, enda hefðu það verið þeir þrír, sem mest hefðu haft sig í frammi við að stríða sér, og kvaðst ekki að því leytnu geta gert upp á milli þeirra.

Við aðalrannsókn málsins hér fyrir dómi voru teknar vitnaskýrslur af ellefu vitnum, sem greindu frá aðdraganda málsins, en til frásagnar um, hvað gerðist á orlagastundu, eru ekki aðrir en ákærði og Helgi Karl og félagar hans tveir. Sakargögn benda til þess, að félagar Helga Karls, vitnin Þórður Ólafur Rúnarsson og Kristmann Einarsson, hafi ekki verið í aðstöðu til að sjá að öllu leyti árás ákærða á Helga Karl, en ákærði hefur á engan hátt gert athugasemdir við lýsingu vitnisins Helga Karls á því, þegar hann lagði til hans.

Lýsing málsatvika hér að framan styðst við fram lögð sakargögn sem og framburð vitnanna: Manúsar Kristleifssonar, kt. 271257-2369, Vestmannaeyjum, Hrannars Freys Arasonar, kt. 110776-4469, Hafnarfirði, Gauta Þórs Gíslasonar, kt. 151076-5139, Hafnarfirði, Guðmundar Jenssonar, kt. 080250-3129, Vestmannaeyjum, Jóhönnu Njálisdóttur, kt. 270453-7979, Vestmannaeyjum, Jóhönnu Ingu Jónsdóttur, kt. 030372-5579, Vestmannaeyjum, Róberts Marshall, kt. 310571-4079, Vestmannaeyjum, Þórðar Ólafs Rúnarssonar, kt. 170575-5719, Vestmannaeyjum, Kristmanns Einarssonar, kt. 280475-5489, Vestmannaeyjum, Helga Karls Gunnars-

sonar, kt. 210474-3829, Vestmannaeyjum, en einnig framburð ákærða sjálfs. Þá hafa samstarfsmenn ákærða hjá Ísfélagi Vestmannaeyja vitnað um góð kynni sín af ákærða, og Geir Jón Þórisson lögreglufulltrúi, er annaðist lögreglurannsókn málsins, kvað ákærða hafa verið mjög samvinnuþýðan við rannsóknina.

Björn Karlsson, yfirlæknir á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, gaf vottorð um líkamlegt ástand Helga Karls við komu á sjúkrahúsið, og kom þar fram lýsing á því, hve djúpt hnífstungurnar gengu, hvaða ráðstafanir reyndust nauðsynlegar og hvernig Helga Karli reiddi af eftir áverkana. Í vottorðinu segir m.a.:

„Sjúklingur var lagður inn á Sjúkrahús Vestmannaeyja um kl. 3.00 20. 4. 1991. Þá hafði hann fengið lækni meðferð á Heilsugæslustöð Vestmannaeyja. Meðferðin fólst í því, að stungusár á gagnauga vinstra megin, undir viðbeini hægra megin og á rasskinn, rétt við trochanter, höfðu verið hreinsuð, skoluð og saumuð. Sjúklingur hafði fengið tetanus toxoid (stífkrampamóteitur) og sýkladrepandi lyf á heilsugæslustöð. Eftir því sem næst verður komist, var sárið við gagnauga um 1 cm á dýpt, sárið, sem gekk inn í brjósthol, hefur verið a. m. k. 2 1/2 - 3 cm á dýpt. Sárið við rasskinn var að dýpt a. m. k. 3 cm. Röntgenmynd sýndi samfall á lunga hægra megin, u. þ. b. 10 í 15%.

Ástand sjúklings við komu á sjúkrahúsið var, að hann var rólegur. Hann var greinilega undir áhrifum áfengis, en samvinnuþýður. Blóðþrýstingur var 125/75, púls 90/mín., og hann var ekki móður. Önnur lífsmörk edlileg. Vegna loftbrjóstins hægra megin þurfti sjúklingur að undirgangast aðgerð, og var hún framkvæmt 20. 4. 1991 af undirrituðum. Í staðdeygingu var sett inn slanga í brjóstholið hægra megin og það tengt við þar til gert sog til að upphefja loftbrjóstið. Röntgenmyndir teknar skömmu eftir, að þessi aðgerð var framkvæmd, sýndu, að lungað hafði þanist að fullu út aftur.

Sjúklingur var síðan með þetta sog stöðugt þar til 24. 4., að lokað var fyrir sogið. Lungað féll ekki saman, og daginn eftir var slangan úr brjóstholinu fjarlægð og sárinu lokað, en það var á síðu hægra megin milli 5. og 6. rifs.

Sjúklingur útskrifaðist síðan af sjúkrahúsinu 26. 4., og voru einu kvartanir hans þá um lítils háttar eymsli í síðu hægra megin, þar sem brjóstholslangan hafði verið, og í rasskinn vinstra megin.

Ég sá sjúkling síðast á stofu 3. 5., og hafði þá nýverið verið tekin röntgenmynd af lungum, sem sýndi, að lungu voru bæði vel út þanin. Saumar voru fjarlægðir úr öllum sárum, og voru þau vel gróin. Einu kvartanir sjúklings voru um lítils háttar eymsli í rasskinn vinstra megin, en enginn dofi, og smáeymsli yfir sárinu, þar sem setja þurfti brjósthol- „drainið“.

Sjúkl. hafði því náð sér vel eftir áverkana, og var hann talinn vinnufær frá og með 6. maí 1991.“

Björn Ívar Karlsson yfirlæknir kom fyrir dóminn og staðfesti vottorðið. Vitnið kvað ólíklegt, að sár þau, sem Helgi Karl hlaut, hefðu leitt til dauða, ef ekkert hefði verið að gert.

Í þágu rannsóknar málsins gerði Hannes Pétursson yfirlæknir geðheilbrigðisrannsókn á ákærða.

— — —
Hannes Pétursson geðlæknir kemst í skýrslu sinni að eftirfarandi niðurstöðu:

„Að mínu álit er Einar Árnason ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar greinast merki um persónuleikatrufun, og enn fremur hefur hann ofnotað áfengi um alllangt tímabil. Framangreindar persónuleikatrufanir hafa m. a. komið fram í erfiðleikum í mannlegum samskiptum, tilhneigingu til að einangra sig frá fólki og almennum skorti á félagslegri hæfni ásamt framangreindri misnotkun áfengis.“

Telur læknirinn síðan, að verknaðinn megi eflaust einnig skýra með erfiðum uppeldisskilyrðum og óhagstæðum umhverfisþáttum, en segir síðan:

„Minnstrufanir þær, er Einar lýsir, að því er varðar atburðarás og aðdraganda umrædds verknaðar, eru í samræmi við mikla neyslu áfengis á tiltölulega skömmum tíma.“

Síðan víkur læknirinn að því, að persónuleikatrufanirnar séu í raun ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi, en telur, að ákærða sé brýnt að hætta allri neyslu áfengis samfara því, að hann hamli gegn félagslegri einangrun sinni og hvíli sig á verbúðalífi.

Í lok niðurstöðukaflans víkur geðlæknirinn aftur að hugsanlegum ástæðum fyrir verknaði ákærða og segir:

„Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Einari er nú gert að sök að vera valdur að, þá vega að líkindum þyngst erfið staða hans félagslega, einangrun samfara mikilli áfengisneyslu og sérkennilegri skapgerð. Þótt líklegt megi teljast, að dómgreind Einars hafi verið sljóvguð vegna mikilla vímuáhrifa, þegar framangreindur atburður átti sér stað, verður þó að álykta, að raunveruleikamat og dómgreind Einars Árnasonar sé með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

Með játningu ákærða, sem studd er framburði vitna, læknisvottorði og öðrum fram lögðum sakargögnum, er sannað, að ákærði, Einar Árnason, hefur aðfaranótt laugardags 20. apríl 1991, veist að Helga Karli Gunnarsyni, kt. 210474-3829, við mót Strandveggar og Bárustígs í Vestmannaeyjum og stungið hann þremur djúpum hnífstungum, í vinstra gagnauga, vinstra læri við mjöðm og í brjósthól undir hægra viðbeini, og gekk sú stunga

í hægra lunga, sem féll saman. Í ákæruskjali ríkissaksóknara er háttsemi ákærða lýst eins og að framan greinir, og er sú lýsing rétt, enda í fullu samræmi við brot ákærða og læknisvottorð Björns Karlssonar yfirlæknis.

Málið var flutt með hliðsjón af því, að brotið gæti hugsanlega varðað við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Sem rökstuðning fyrir því, að brotið væri rétt heimfært í ákæru, var af hálfu ákæruvalds á það bent, að hnífur væri hættulegt vopn. Alls ekki væri um það að ræða, að það væri skilyrði fyrir beitingu 211. gr., að sá, sem fyrir brotinu yrði, hlyti lífshættulegt sár, verknaðurinn „in concreto“, það er, eins og hann lægi hér fyrir, skipti öllu máli. Þannig hafi ákærði beitt hættulegu eggvopni og veitt með því þrjár stungur, þar sem tilviljun ein hefði ráðið, hvar lentu á þeim, sem særðist. Árásin hafi þannig verið lífshættuleg og því þess eðlis, að heimfæra ætti verknaðinn undir 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga.

Af hálfu ákærða var hins vegar á það bent, að brotið gæti átt undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þótt ákærði hefði notað hníf, því að það eitt og sér hefði alls ekki þau áhrif, að heimfæra ætti brotið undir 211. gr. almennra hegningarlaga. Þá var einnig á það bent, að vilji ákærða hefði alls ekki staðið til þess að særa Helga Karl til ólífis og Helgi Karl ekki særst lífshættulega.

Brot ákærða telst varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og gert er í ákæru. Í því sambandi ber á það að líta, að ákærði lagði til Helga Karls með flugbeittum hnífi og stakk hann ekki einungis einni stungu, heldur þremur djúpum stungum. Ljóst er einnig, að tilviljun ein réð því, hvar hnífslagið lenti í hvert sinn. Verknaður ákærða var, eins og hér stóð á, lífshættulegur og er, eins og að framan greinir, réttilega heimfærður undir 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga, þar sem um tilraunaverknað var að ræða, sem leiddi ekki til dauða þess, sem fyrir brotinu varð.

III.

Refsiákvörðun.

Með hliðsjón af álitserð Hannesar Péturssonar yfirlæknis telst ákærði vera sakhæfur, en ákærði, Einar Árnason, er fæddur 30. maí 1947 og hefur samkvæmt vottorði frá Sakaskrá ríkisins á tímabilinu frá 21/12 1966 til 28/8 1982 átta sinnum með dómsáttum undirgengist sektarrefsingu fyrir ölvun á almannafæri. Hinn 12. mars 1970 var ákærði dæmdur í 30 daga varðhald fyrir nytjastuld og ölvunarakstur. Að öðru leyti hefur ákærði ekki sætt refsingu.

Þótt ákærði hafi ekki ætlað sér að særa Helga Karl til ólífis, mátti hann gera sér ljóst, að slíkar afleiðingar gátu af verknaði hans hlotist, enda atferli

hans stórhættulegt. Þegar ákærða verður ákvörðuð refsing, ber hins vegar að hafa í huga, að rík refsilækkunarsjónarmið eru í máli þessu. Af málsatvikum er þannig ljóst, að unglingur sá, sem hnífslagið lenti á, hafði margsinnis um kvöldið að ástæðulausu veist að ákærða og svívirt hann hroðalega. Ekki er að sjá, að það fulltíða fólk, sem fyrr um kvöldið ofbauð hegðun unglinganna gagnvart ákærða, hafi veitt ákærða vörn, er mest gekk á. Ákærða verður ekki virt það til málsbóta, að dómgreind hans var skert sökum þess, hve ölvaður hann var, en hins vegar má fullyrða, að ákærði, sem margoft hafði orðið fyrir viðlíka áreitni, var bæði eðlilega yfir sig reiður og í mikilli geðshræringu, er hann greip til hnífsins, og verður að sjálfsgöðu að hafa þau atriði í huga, er ákærða verður ákvörðuð refsing.

Við ákvörðun refsingar ber því að hafa hliðsjón af 4. tl. 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem og því, að hér var um tilrauna-verknað, en ekki fullframið brot að ræða. Refsing ákærða, Einars Árnasonar, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Þótt málsatvik séu, eins og að framan er rakið, mjög sérstæð og hreinskilnisleg játning og góð hegðun ákærða komi einnig til, þykir ekki vera alveg nægileg ástæða til að fresta fullnustu refsingarinnar að hluta samkvæmt heimildarákvæði 57. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 101, 1976, og verður því öll refsingin óskilorðsbundin. Ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá kl. 19.00 21. apríl 1991 til kl. 16.00 6. maí 1991, samtals 15 daga. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal framangreindur gæsluvarðhaldstími koma dæmdri refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 120.000 krónur, en af hálfu ákæruvalds flutti málið Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 120.000 krónur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Árnason, sæti fangelsi í 12 mánuði. Frá dæmdri refsingu komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 21. apríl 1992 til 6. maí s. á., samtals 15 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 120.000 krónur.